

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 215/2017

2019/EES/80/07

frá 15. desember 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1490 frá 21. ágúst 2017 um leyfi fyrir manganklóríðtetrahýdrati, mangan(II)oxíði, mangansúlfatmónóhýdrati, manganklósambandi af amínósýruhýdrati, manganklósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína, manganklósambandi af glýsínhýdrati og dímanganklóríðtríhýdroxíði sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1492 frá 21. ágúst 2017 um leyfi fyrir kólekalísíferóli sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 221. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1008) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „222. **32017 R 1490**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1490 frá 21. ágúst 2017 um leyfi fyrir manganklóríðtetrahýdrati, mangan(II)oxíði, mangansúlfatmónóhýdrati, manganklósambandi af amínósýruhýdrati, manganklósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína, manganklósambandi af glýsínhýdrati og dímanganklóríðtríhýdroxíði sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjttíð. ESB L 216, 22.8.2017, bls. 1).
223. **32017 R 1492**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1492 frá 21. ágúst 2017 um leyfi fyrir kólekalísíferóli sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjttíð. ESB L 216, 22.8.2017, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1490 og (ESB) 2017/1492, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 216, 22.8. 2017, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 216, 22.8. 2017, bls. 19.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.